

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 3. júní 2008 í máli nr. S-714/2006:

Ákærvaldið

(Sigríður Elsa Kjartansdóttir saksóknari)

gegn

Duangnapha Wisetrit

(Guðrún Sesselja Arnardóttir hdl)

X

(Guðjón Ólafur Jónsson hrl.)

Y

(Bjarni Hauksson hdl)

Ár 2008, þriðjudaginn 3. júní, er dómþing Héraðsdóms Reykjavíkur háð í Dóm húsinu við Lækjartorg af Jónasi Jóhannssyni, Arngrími Ísberg og Helga I. Jónssyni héraðsdómurum og dómur kveðinn upp í málinu nr. S-714/2006: Ákærvaldið gegn Duangnapha Wisetrit, X og Y, sem dómtekið var 27. maí síðastliðinn.

Málið er höfðað með tveimur ákærum Ríkissaksóknara, útgefnum 5. maí og 14. nóvember 2006. Með fyrri ákærunni var upphaflega kveðið á um málshöfðun á hendur Duangnapha Wisetrit, kt. 010378-2579, Grettisgötu 55, Reykjavík, A, X, Y, B og C, til refsingar fyrir stórfellda líkamsárás samkvæmt 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981, með því að hafa, aðfaranótt sunnudagsins 4. apríl 2004, í Þingholtsstræti í Reykjavík, „í sameiningu ráðist að Lárusi Ómari Guðmundssyni, [fæddum 1975], með höggum og spörkum og ákærðu Duangnapha og Y slegið hann í andlit og höfuð með glerflöskum, með þeim afleiðingum að Lárus hlaut 4 sm. langan skurð á hægri augabrún, 3-4 sm. langan skurð á gagnauga vinstra megin, 1-2 sm. langan skurð á hnakka og nefbrotnaði“.

Fjölskipaður héraðsdómur sýknaði A, B og C af nefndum sakargiftum með dómi 30. janúar 2007. Sætti sú niðurstaða ekki áfrýjun og er því endanleg. Dómi um sakfellingu ákærðu Duangnapha, X og Y var hins vegar áfrýjað til Hæstaréttar, sem ómerkti héraðsdóm 13. desember 2007. Viðkomandi héraðsdómurum var síðan gert að víkja sæti með hæstaréttardómi 31. janúar 2008. Með úrskurði héraðs dómara 27. febrúar 2008 var synjað um frávísun ákærunnar og stendur hún óbreytt að öðru leyti en því að nú svara ákærðu Duangnapha, X og Y ein til saka.

Í málinu krefst Lárus Ómar bóta úr hendi ákærðu, sem hér segir:

- a) Skaðabætur að fjárhæð 23.615 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af 2.938 krónum frá 14. apríl til 11. júní 2004 og af 23.615 krónum frá þeim degi til greiðsludags.
- b) Miskabætur að fjárhæð 500.000 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. téðra laga frá tjónsdegi til þess dags er mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga til greiðsludags.
- c) Þjáningabætur að fjárhæð 29.008 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. nefndra laga frá tjónsdegi til þess dags er mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. laganna til greiðslu dags.
- d) Málskostnað vegna þóknunar lögmanns fyrir að halda uppi bótakröfu.

Með ákærinni 14. nóvember 2006 er málið höfðað á hendur ákærðu Duangnapha Wisetrit, til refsingar fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás samkvæmt 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981, með því að hafa, aðfaranótt sunnudagsins 5. júní 2005, á veitingastaðnum Kaffisetrinu, Laugavegi 103, Reykjavík, „veist að [F, fæddri 1973] og slegið í andlitið með glasi og dregið niður á gólf með þeim afleiðingum að hún hlaut skurð yfir vinstra kinnbein og við vinstra eyra auk þess sem hún hlaut fjölda sára á andlit og útlími, mar á brjóstakassa og tognun á hægri öxl“.

F krefst þess að ákærða verði jafnframt dæmd til greiðslu 254.025 króna skaða bóta með vöxtum samkvæmt 8. gr. fyrrgreindra laga nr. 38/2001 frá 5. júní 2005 til þess dags er liðinn er mánuður frá birtingu bótakröfunnar, en síðan með dráttar vöxtum samkvæmt 9. gr. sömu laga til greiðsludags.

Ákærða Duangnapha krefst þess að hún verði sakfelld á grundvelli eigin játningar fyrir dómi vegna atlögu að Lárusi Ómari Guðmundssyni, að sú háttsemi verði heimfærð til refsíákvæða samkvæmt 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga og ákvörðun um refsingu frestað skilorðsbundið, en ellegar verði ákærða dæmd til vægustu refsingar sem lög leyfa og hún bundin skilorði. Ákærða krefst sýknu af líkamsárás á F, til vara að greind háttsemi verði færð undir 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga og ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið, en ellegar verði dæmd vægasta refsing sem lög leyfa og hún bundin skilorði. Þá er þess krafist að bótakröfum Lárusar Ómars og F verði vísað frá dómi, ákærða ellegar sýknuð af kröfunum, en að því frágengnu verði bætur lækkaðar verulega frá því sem krafist er.

Ákærðu X og Y krefjast hvor fyrir sig sýknu af líkamsárás á Lárus Ómar, en komi til sakaráfellis verði háttsemi þeirra færð undir 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga og refsing felld niður, en ellegar verði ákvörðun hennar frestað skil orðsbundið eða vægasta refsing dæmd og hún bundin skilorði. Kröfugerð þeirra er hin sama og ákærðu Duangnapha að því er varðar bótakröfu Lárusar.

Ákæra dagsett 5. maí 2006.

I.

Aðfaranótt sunnudagsins 4. apríl 2004 kl. 04:09 var lögregla kvödd að veitinga staðnum Nellýs, Þingholtsstræti 2, vegna manns sem þar væri utandyra, blóðugur eftir líkamsárás. Arnþór Davíðsson lögreglumaður fór á vettvang við annan mann og ræddi við E frá Tælandi, sem kvað sex landa sína hafa ráðist á [...], Lárus Ómar Guðmundsson. Um sama leyti var sjúkrabifreið á leið burt með Lárus og færði hann á slysadeild Landspítalans (LSH). Þar ræddi Arnþór við Lárus og hafði eftir honum í frumskýrslu, sem Arnþór staðfesti fyrir dómi, að ókunnir Tælendingar hefðu ráðist á Lárus með höggum og spörkum og lamið hann í höfuðið með flösku og glasi. Þá var haft eftir E að árásarmennirnir gangi undir gælunöfnunum [...].

Í áverkavottorði Birgis Andra Briem, lækni á háls-nef og eyrnadeild LSH, dagsettu 12. maí 2004, sem hann staðfesti fyrir dómi, er haft eftir Lárusi að sex einstaklingar hafi ráðist á hann og látið högg með hnefum og bjórflöskum dynja á andliti hans. Lýst er 4 sm. löngum skurði á hægri augabrún, 3-4 sm. löngum skurði við vinstra gagnauga, 1-2 sm. löngum skurði á hnakka og sári á nefi. Skurðsárin hafi verið saumuð, síðastnefndu sári lokað með plástri og Lárus útskrifaður með ráð leggingum að leita til háls-nef og eyrnadeildar ef honum myndist nefið vera skakkt. Þangað leitaði Lárus 14. apríl og kom í ljós innkýlt nefbrot vinstra megin, sem gert var að samdægurs. Við endurkomu 19. apríl sást að brotið hafði sigið yfir til hægri og var það lagfært í svæfingu tveimur dögum síðar. Lárus mætti síðan í eftirlit 23. apríl og var þá góð lega á brotinu.

II.

Lárus kærði málið til lögreglu 16. apríl 2004 og greindi frá því að hann og E [...] hefðu verið að skemmta sér á Kaffisetrinu. Þar hefðu þau hitt verðandi árásar menn, fimm karla og konu frá Tælandi, sem voru í vinfengi við tælenskan pilt, [...]. Sökum ónóta af hálfu sexmenninganna hefðu Lárus og E fært sig yfir á Nellýs, en sami hópur fylgt á eftir og haldið áfram að vera með leiðindi. Þau hefðu því farið tvö út af staðnum og Lárus verið staddur á horni Þingholtsstrætis og Bankastrætis þegar sparkað hefði verið aftan í bak hans. Hann hefði snúið sér við og mætt tveimur úr hópi karlanna, en fengið óvænt liðsinni Íslendinga, sem gengið hefði í milli og sagt: „Þið ráðist ekki allir á hann.“ Í framhaldi hefði Lárus reynt að hafa hemil á þeim manni, sem sparkað hefði í hann, en á meðan fundið glas brotna á höfði sínu, þá flösku og því næst fengið annað högg á höfuðið með flösku, sem þó hefði ekki brotnað. Lárus kvaðst hafa vankast við högginn, misst gleraugu og blóð runnið í augu hans. Í kjölfarið hefði hann verið sleginn vinstra megin á nef og hlotið fleiri högg, en árásinni síðan lokið skyndilega og fólkíð haft sig á brott.

E bar vitni hjá lögreglu 2. júní 2004. Hún greindi frá atburðum á Kaffisetrinu með líkum hætti og Lárus, nafngreindi í því sambandi ákærðu Duangnapha og X, A, C og B og sagði sjötta aðilann (ákærða Y) vera [...]. Sami hópur hefði síðan komið á Nellýs og haldið áfram ónotum í garð Lárusar. Sökum þessa hefðu þau tvö farið út af staðnum, E séð ákærða X og B bíða þeirra fyrir utan, á horni Þingholts strætis og Bankastrætis, þau gengið ótraud niður Bankastræti, ákærði X hlupið á eftir þeim og sparkað aftan í læri Lárusar. Við svo búið hefði Lárus snúið til varnar og reynt að halda aftur af ákærða, en einhver Íslendingur haldið í B. Í framhaldi hefði ákærði Y komið og slegið Lárus í hnakkann með flösku, ákærði síðan teygt

sig eftir annarri flösku og í kjölfarið hefðu aðrir í hópnum birst og allir ráðist á Lárus. E kvað árásin hafa staðið stutt, en á meðan hefðu sumir sexmenninganna lumbrað á Lárusi með hnefa eða flösku og aðrir sparkað í hann. Hún tiltók sérstaklega ákærðu Duangnapha og kvaðst hafa séð hana slá Lárus í höfuðið með flösku. E taldi rót árásarinnar vera afbrýðisemi í garð Lárusar, sem tengdist vinfengi sexmenninganna við [...].

E bar aftur vitni 21. desember 2005. Hún hélt fast við fyrri skýrslu, en sagðist þó ekki hafa séð ákærða X sparka aftan í læri Lárusar. Þá kom fram að hún hefði séð ákærða, B og A sparka einhvers staðar í líkama Lárusar og að C hefði kýlt hann. Sömu leiðis bar hún að ákærða Duangnapha hefði brotið umrædda flösku á höfði Lárusar.

Áður hafði D, [...] ákærða Y, gefið skýrslu vitnis 9. júní 2004. Hún kvaðst hafa farið með ákærða út af Nellýs umrædda nótt og séð að vinahópur þeirra hafði lent í átökum. Að beiðni hennar hefði ákærði ekki blandað sér í málið.

III.

A gaf skýrslu grunaðs 4. júní 2004. Hann kvaðst hafa verið á vettvangi umrædda nótt og komið [...], ákærðu Duangnapha, til bjargar þegar Lárus hefði verið að veitast að henni, en Lárus hefði þá verið alblóðugur. Að sögn A hefði hann aðeins haldið Lárusi til að ákærða kæmist í burtu og þrætti fyrir að hafa veitt honum áverka. Aðspurður um aðra á vettvangi nafngreindi hann ákærðu X og Y, C og B.

Ákærða Duangnapha (*Yng*) var yfirheyrð sama dag. Hún kvaðst hafa farið út af Nellýs á eftir kunningjum sínum og séð hóp fólks utandyra. Einhver hefði kastað glasi í átt að henni, Lárus að því er hún hélt, glasið splundrast á vegg og hún meiddist á vinstri hendi. Við þetta hefði ákærða reiðst, tekið flösku sér í hönd og slegið henni í hnakka Lárusar. Í sama mund hefði A gengið í milli, hann haldið Lárusi frá og dregið ákærðu í burtu. Hún kvaðst ekki hafa átt meiri hlut í árás á Lárus og tiltók sömu nöfn og A, aðspurð um aðra sem hún kannaðist við á vettvangi.

Ákærði X var yfirheyrður 8. júní. Hann þrætti ekki fyrir að hafa staðið með B á horni Þingholtsstrætis og Bankastrætis og séð til ferða E og Lárusar, en neitaði því að hafa hlaupið aftan að manningum og sparkað í læri hans. Hið rétta væri að ákærði hefði ætlað að ræða við Lárus, en þá hefði Lárus hrint honum og ákærði brugðist við með því að sparka í afturenda hans. Hópur Íslendinga, 3-4 einstaklingar, hefði skakkað leikinn, en síðan hefði 4-5 manna Íslendingahóp borið að, sá hópur veist að B og þá komið til áfloga. Um sama leyti hefðu A, C og með ákærðu Duangnapha og Y komið út af Nellýs, ákærði aðeins reynt að hjálpa B í áflogum við Íslendingahópinn og ekkert komið nálægt Lárusi aftur.

Ákærði Y var yfirheyrður 9. júní. Hann kvaðst hafa verið á Nellýs með D [...], meðákærðu Duangnapha og X, A, C og B, en þau [...] farið síðast út af staðnum og hefði þá verið lokið átökum, sem vinir þeirra höfðu lent í. Hann hefði því ekkert gert á hlut Lárusar og sagði vætti E þar að lútandi vera ósatt.

B gaf skýrslu grunaðs 10. júní. Hann kvað rétt, sem E segði, að hann og ákærði X hefðu staðið á horni Þingholtsstrætis og Bankastrætis, séð til ferða hennar

og Lárusar, ákærði hlaupið aftan að manningum og sparkað í læri hans. Í framhaldi hefðu einir 4-5 Íslendingar ráðist á B, sparkað í hann og líklegast brotið flösku á vinstra eyra hans áður en hann hefði komist í burtu. B kvaðst ekkert hafa gert á hlut Lárusar og sagðist ekki hafa séð vini sína veita manningum áverka.

C gaf skýrslu grunaðs 11. júní. Hann kvaðst hafa verið á Nellýs með B, A og ákærðu Duangnapha, X og Y þegar hann hefði frétt af ryskingum utandyra. Þegar C hefði komið út hefði hann tekið eftir mikilli þvögu og séð að ákærða Duangnapha var blóðug á hendi. Hann aftók með öllu að hafa ráðist á Lárus, en sagðist muna eftir að hafa séð manninn blóðugan fyrir utan Nellýs og hóp Íslendinga í kringum hann.

IV.

Framangreindar lögregluskýrslur bera með sér að málið hafi frá upphafi verið rannsakað sem minni háttar líkamsárás samkvæmt 217. gr. almennra hegningarlaga. Lögreglu barst bótakrafa Lárusar 24. júní 2004. Liðu síðan um 10 mánuðir án þess að nokkuð væri aðhafst í málinu eða þar til Lögreglustjórinn í Reykjavík felldi það niður 20. apríl 2005 með vísan til 112. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Lárus kærði þá ákvörðun til Ríkissaksóknara, sem felldi hana úr gildi 20. júní 2005 og mælti fyrir um frekari rannsókn áður en ákvörðun yrði tekin um framhald málsins. Liðu síðan 6 mánuðir uns ákærðu Duangnapha og X voru yfirheyrð að nýju, 20. og 28. desember 2005, og fyrirnefnd vitnaskýrsla var tekin af E.

Hélt ákærða Duangnapha fast við fyrri framburð og sagðist vera „99%“ viss um að Lárus hefði kastað áðurnefndu glasi. Hún áréttaði að hún hefði í framhaldi slegið hann aftan í höfuðið með flösku og sagðist ekki vita hvort flaskan hefði brotnað. Ákærðu var kynnt bótakrafa Lárusar og vísaði henni á bug.

Ákærði X staðfesti einnig fyrri framburðarskýrslu, sagði allt satt og rétt sem þar kæmi fram, áréttaði að hann hefði sparkað einu sinni í rass Lárusar áður en ráðist hefði verið á B og hann komið B til bjargar. Sem fyrr neitaði ákærði að hafa valdið Lárusi áverkum og hafnaði því bótakröfu hans alfarið.

V.

Við þingfestingu málsins 26. júní 2006 var sakarefni borið undir ákærðu Duangnapha og X, fyrir milligöngu dómtúlksins Ö, og fært í þingbók að ákærða Duangnapha kannaðist við „að hafa slegið Lárus Ómar í höfuðið með glerflösku, en einungis á aftanverðan hnakkann“ og að ákærði X játaði rétt að „hafa sparkað í rass Lárusar og kýlt hann í höfuðið eða nálægt eyra. Hann kveðst ekki telja að hann hafi valdið nefbroti á Lárusi.“ Ber þingbókin með sér að téður framburður hafi verið lesinn upp og staðfestur af hálfu beggja ákærðu. Ákærði Y tjáði sig um sakarefni 5. september og neitaði sök.

Málið var dómtekið 24. október 2006 að lokinni skýrslugjöf ákærðu Duangnapha, X og Y, A og C, sem og vitnanna Lárusar, E, D, Arnþórs og G. Málið var endurupptekið 3. nóvember „þar sem dómurum þótti túlkun á framburði ákærðu við aðalmeðferð afar ónákvæm og á stundum villandi“. Var því fenginn annar túlkur í stað Ö og boðað til nýrrar aðalmeðferðar 14. desember. Áður en til hennar kom var mál vegna ákærunnar 14. nóvember 2006 sameinað hinu fyrra 4. desember

og fór ný aðalmeðferð fram 14. og 20.-21. desember og 9. janúar 2007, þá er málið var dómtekið öðru sinni að lokinni skýrslugjöf sömu einstaklinga vegna fyrri ákæru og skýrslum ákærðu Duangnapha, F, I, H, G, Óskars Vikars Haraldssonar, Þor valdar Sigmarssonar og Þorsteins Bergmann vegna seinni ákæru.

Eins og áður segir féll dómur 30. janúar 2007, sem ómerktur var í Hæstarétti 13. desember 2007 (mál réttarins nr. 244/2007), með þeim fyrirætlum að viðkomandi héraðsdómarar skyldu „taka málið til meðferðar að nýju og endurtaka þær skýrslur vitna sem fram fóru á íslensku til þess að þær verði túlkaðar fyrir ákærðu“. Sömu dómendum var síðan gert að víkja sæti með dómi Hæstaréttar 31. janúar 2008 (mál réttarins nr. 36/2008) og í kjölfarið komu þrír nýir héraðsdómarar að málinu.

Aðalmeðferð fór fram enn að nýju dagana 14. 17. og 23. apríl og 27. maí. Verður nú rakinn sá framburður ákærðu og vitna vegna ákærunnar 5. maí 2006, að því marki sem þýðingu kann að hafa fyrir málsúrslit.

VI.

Ákærði X kvaðst hafa hitt Lárus og E umrædda nótt, fyrst á Kaffisetrinu og síðar á Nellýs. Lárus hefði í báðum tilvikum stofnað til illinda og í seinna skiptið gripið í hálsmál ákærða á salerni Nellýs og spurt hvort hann vildi lenda á spítala. Í kjölfar þessa hefði ákærði farið út af veitingastaðnum með B, ákærði séð Lárus, gengið að honum og sparkað einu sinni laust í afturenda hans, til þess eins að hann upplýsti hvað væri í gangi. Lárus hefði þá byrjað að rífast að nýju og í framhaldi hefði 4-5 Íslendinga borið að og þeir ráðist með höggum á B. Ákærði hefði reynt að koma honum til bjargar og í því skyni slegið frá sér eitt högg, en ekki vissi hann hvar höggið hefði lent. Þó kvað hann Lárus hafa staðið nokkra metra frá þvögunni og væri því nokkuð viss um að höggið hefði ekki komið í hann. Ákærði neitaði því sakargiftum og hafnaði bótaskyldu gagnvart Lárusi. Hann kvaðst hvorki hafa séð meðákærðu né aðra veitast að Lárusi með ofbeldi. Meðákærða Duangnapha hefði hins vegar verið blóðug á hendi þegar vinalópurinn hefði haldið heim. Borin var undir ákærða frásögn hans hjá lögreglu 8. júní 2004 um að Lárus hefði hrint honum og hann því sparkað í afturenda mannsins. Ákærði sagði þetta rangt og kvað Lárus ekki hafa gert neitt á hans hlut á vettvangi. Þá þrætti hann fyrir að hafa játað við þingfestingu málsins að hafa „kýlt [Lárus] í höfuðuð eða nálægt eyra“ og sagði umrædda bókun vera ranga.

B bar að hann hefði verið fyrir utan salerni Nellýs og vitað af ákærða X, C og Lárusi rífast innandyrna. Í framhaldi hefðu B og ákærði farið út af Nellýs, séð Lárus aðeins neðar í Bankastrætinu, ákærði hlaupið fáeina metra á eftir honum og sparkað einu sinni í afturenda hans. Í kjölfarið hefði B stökkið til og ætlað að koma í veg fyrir slagsmál, en áður en til þess kom hefðu 4-5 Íslendingar ráðist á hann og hann því ekki séð til ákærða, Lárusar eða annarra upp frá því. Þannig sagðist B ekki geta borið um sakargiftir á hendur ákærðu Duangnapha og Y og staðhæfði að hann hefði ekki séð ákærða X gera annað á hlut Lárusar en að sparka í óæðri enda hans.

C bar að hann hefði verið á salerni Nellýs ásamt ákærða X og B þegar Lárus hefði komið inn, byrjað að yfirheyra ákærða, gripið þéttingsfast um hálsmál hans og hóttað að senda þá alla á spítala, en síðan hefði allt virst falla í ljúfa löð. Í kjölfarið hefði C verið á dansgólfi staðarins og heyrt af átökum útifyrir. Hann hefði

Því farið út, séð blóð á hönd ákærðu Duangnapha og á höfði Lárusar, en ekki orðið var við átök milli þeirra. Á sama tíma hefði A haldið utan um [...] og ákærði X og Lárus verið að kljást og skiptast á höggum, en C kvaðst ekki vita hvar högginn hefðu lent og bar að þegar hann hefði ætlað að stilla til friðar hefðu einhverjir Íslendingar ráðist á B. Hann kvað fjölmarga hafa safnast saman þarna fyrir utan, bæði Tælendinga og Íslendinga, og bar að hann hefði ekki séð hvernig Lárus hlaut áverka á höfði. Borin var undir C frásögn hans sem sakbornings fyrir dómi 14. desember 2006 um að öll átök hefðu verið yfirstaðin þegar hann hefði komið út af Nellýs. Hann sagði þetta ekki rétta túlkun á framburði sínum, áréttaði tvívegis að hann hefði séð ákærða X og Lárus skiptast á höggum og benti á að í fyrrgreint sinn hefði túlkur aðeins beðið hann að tjá sig um samskipti Lárusar og ákærðu Duangnapha.

Ákærða Duangnapha kvaðst hafa farið drukkin út af Nellýs og séð Lárus, í reiðiham að því er virtist. Hann hefði kastað bjórglasi í vegg, glasið splundrast og glerbrot hrokkið í vinstri hönd ákærðu og blóðgað hana. Að sögn ákærðu hefði fokið í hana við þetta, hún því gripið til flösku undan Vodka Ice og slegið henni í hnakka Lárusar, honum að óvörum. Hún sagðist halda að höggið hefði ekki verið þungt, enda væri hún kona, aðeins 150 sm. á hæð, tiltók að flaskan hefði ekki brotnað og að hún hefði ekki séð Lárusi blæða undan högginu. Í kjölfar þessa hefði Lárus snúið sér við og horft á hana, eins og hann ætlaði að ráðast á hana, en í sömu andrá hefði A [...] stokkið til og dregið hana í burtu, án þess að til átaka kæmi milli hennar og Lárusar. Ákærða kvaðst ekki hafa séð meðákærðu eða aðra veitast að Lárusi. Í lok skýrslugjafar sýndi hún dómendum ör á vinstra handarbaki, sem hún sagði vera af völdum Lárusar.

Ákærði Y kvaðst hafa farið út af Nellýs með D [...] og G vinkonu þeirra, hann séð hóp fólks fyrir utan, þó ekki Lárus og aftök með öllu að hafa gert eitthvað á hans hlut. Vætti E um hið gagnstæða væri því beinlínis rangt.

D bar að hún hefði farið út af Nellýs með ákærða Y og G, hún séð margt fólk verið fyrir utan, en ekki greint hver var að gera hvað. Hún kvað ákærða ekki hafa vikið frá hlið hennar, bar að hún hefði ekki séð hann henda flösku og hvorki séð [...], meðákærðu Duangnapha, né aðra veitast að Lárusi.

G bar að hún hefði farið út af Nellýs og séð stóran hóp Íslendinga og Tælendinga í slagsmálum fyrir utan. Hún kvaðst ekki hafa séð neinn ráðast á Lárus, sagðist reyndar ekki þekkja hann og bar að hún hefði ekki séð ákærðu Dunangnapha, X og Y taka þátt í téðum átökum.

E bar að umrædda nótt hefðu hún og Lárus [...] farið út af Nellýs vegna leiðinda í samskiptum við samlanda hennar. Þau hefðu síðan verið á leið niður Bankastræti þegar ákærði X hefði hlaupið aftan að Lárusi og sparkað í læri hans. Sagði E að túlkun um annað við skýrslugjöf 21. desember 2005 væri röng. Í kjölfar umrædds sparks hefði ákærði Y, sem staðið hefði hinu megin götunnar, hent flösku í höfuð Lárusar. Flaskan hefði ekki brotnað við höggið, en E verið í sjokki og í framhaldi horft upp á 5-6 Tælendinga hópast að Lárusi og slá hann. Hún kvaðst ekki geta nefnt nöfn í þessu sambandi, nafngreindi þó B, án þess að bera um tiltekna háttsemi af hans hálfu og bar að í kjölfarið hefðu einhverjir Íslendingar stöðvað átökin. Í framhaldi hefði E séð ákærðu Duangnapha hlaupa að Lárusi og slá hann í höfuðið með flösku, sem hefði brotnað, en ekki vissi hún hvort blætt

hefði undan högginu.

Lárus bar að hann og E hefðu verið á Nellýs og hann orðið fyrir aðkasti af hálfu 5-6 ókunnra Tælendinga, hinna sömu og höfðu verið að angra hann á Kaffi setrinu fyrr um nóttina. Hann hefði síðan hitt einn karlmann úr hópnum (NN), fyrir utan salerni Nellýs og beðið hann að koma til viðræðna á salerninu. Þar hefðu þeir rætt málin í rólegheitum, að viðstöddum 2-3 vinum mannsins, en Lárus engu síður ákveðið að fara í kjölfarið á annan skemmtistað. Þegar hann og E hefðu síðan verið á leið út af Nellýs hefði einhver úr hópnum skvett vökva yfir hann, Lárus þá litið við og séð konu með tómmt glas. Að sögn Lárusar hefðu þau E síðan farið út, gengið áleiðis niður Bankastræti og verið stödd á móts við verðlaunagripabúð þegar sparkað hefði verið einu sinni í bak hans, við rófubein. Lárus sagði sparkið hafa verið fast og hann hafa fundið til sársauka. Hann hefði snúið sér við og staðið andspænis NN og tælenskum vini hans. Lárus hefði snúist til varnar gegn NN, sem aftur hefði reynt að sparka og slá til hans, og í sama mund heyrt einhvern Íslending segja: „Þið ráðist ekki báðir á hann.“ Í kjölfar þessa hefði Lárus fundið sársauka við vinstra gagnauga og áttað sig á því að hann hefði verið sleginn eða einhverju hent í höfuð hans. Hann hefði síðar heyrt að flösku hefði verið kastað í höfuðið, en kvaðst hvorki vita hvort hún hefði brotnað né hver árásarmaðurinn væri. Lárus kvaðst í framhaldi hafa þrýst NN upp að glugga verðlaunagripabúðarinnar, í sama mund fundið nístandi sársauka í höfði og fundið glerbrot rigna yfir sig. Jafnframt hefði byrjað að renna blóð úr skurði á hægri augabrún, sem hefði blindað hann að mestu leyti og kvaðst Lárus því telja að umrætt högg hefði hafnað á því svæði. Hann kvaðst ekki vita hvort um glas eða flösku hefði verið að ræða og ekki hafa séð hver greitt hefði umrætt högg. Í kjölfar þessa hefði hann verið sleginn í nefið af ókunnum aðila, það brotnað og hann þá verið orðinn töluvert vankaður. Árásinni hefði síðan lokið, en áður hefði hann fengið fjórða höggið í höfuðið, fundið sársauka í hnakka, litið við og séð ókunnu konuna af Nellýs standa andspænis honum með óbrotna flösku í hendi. Lárus kvaðst hafa vankast enn frekar við þetta högg, sem hefði verið fast, hann skjögrað upp að búðarglugganum og lagst þar fyrir. Hann sagðist halda að árásin hefði varað í nokkrar mínútur, áréttaði að hann þekkti ekki árásarmennina, sem hefðu verið 5-6 Tælendingar, og vísaði um mögu legt ósamræmi í eigin frásögn til framburðarskýrslu sinnar hjá lögreglu, sem hann teldi vera rétta. Fram kom í máli Lárusar að hann væri 183 sm. á hæð. Hann kvaðst vera búinn að jafna sig ágætlega eftir árásina, sagðist þó ekki fara lengur á skemmti staði hér á landi, enn búa við skekkju á nefi og þrengsli í annarri nösinni, en hvoru tveggja væri þó unnt að lagfæra. Þá bæri hann ör fyrir ofan hægri augabrún, ör undir hári við gagnauga og á hnakka. Í lok skýrslugjafar sýndi hann dómendum örin við augabrún og skekkjuna á nefi.

Arnþór Davíðsson lögreglumaður bar að hann myndi nú ekki annað eftir málinu en að hafa sinnt útkalli á vettvangi og að atvik hefðu verið óljós í upphafi rannsóknar.

VII.

Samkvæmt 1. mgr. 135. gr. laga um meðferð opinberra mála skulu röksemdir dómara lúta að því hvað teljist sannað og með hverjum hætti. Um sönnun fer annars eftir reglum 45.-48. gr. laganna. Í því sambandi skal meta skynsamlegan vafa til hagsbóta fyrir ákærðu, bæði um atriði er varða sekt þeirra og önnur, sem telja má þeim í óhag. Sönnunarbyrði hvílir á ákærvaldinu, sbr. 45. gr., en sönnunarmat

dómenda er frjálst, þó þannig að dómur skal fyrst og fremst reistur á sönnunar gögnum, sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi, sbr. 1. mgr. 48. gr. Ber í því sambandi að leggja til grundvallar framburð ákærðu og vitna við aðalmeðferð á vordögum 2008 og miðast eftirfarandi forsendur við þær skýrslur nema annað sé tekið fram.

Niðurstaða í þessum þætti málsins veltur á því hvort ákærvaldinu hafi tekist að sanna, svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa, að ákærðu X, Y og Duangnapha hafi umrædda nótt ráðist í sameiningu að Lárusi Ómari Guðmundssyni með höggum og spörkum og ákærðu Duangnapha og Y slegið hann í andlit og höfuð með gler flöskum, með þeim afleiðingum að Lárus nefbrotnaði og hlaut 4 sm. langan skurð á hægri augabrún, 3-4 sm. langan skurð á gagnauga vinstra megin og 1-2 sm. langan skurð á hnakka, svo sem lýst er í ákæru. Komi til sakaráfellis samkvæmt ákæru eiga ákærðu yfir höfði sér allt að 16 ára fangelsi samkvæmt 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga með áorðnum breytingum.

Í málinu liggur fyrir að Lárus lenti í útistöðum við hóp Tælendinga á Nellýs og að í framhaldi ákváðu hann og [...] E að fara á annan skemmtistað. Voru þau á leið niður Bankastræti, og áttu sér einskis ills von, þegar aðsúgur var gerður að Lárusi. Hefur hann lýst þeirri aðför nánast á sama veg hjá lögreglu 16. apríl 2004, fyrir dómi 24. október og 14. desember 2006 og nú síðast við aðalmeðferð máls 23. apríl 2008, á lágstemmdan og einkar trúverðugan hátt að mati dómenda. Hann lýsti meðal annars höggi við vinstra gagnauga, öðru við hægri augabrún, sem blæddi strax undan, hinu þriðja á nef og því fjórða á hnakka. Þessi vitnisburður samrýmist í alla staði áverkalýsingu í fyrrgreindu læknisvottorði Birgis Andra Briem, en bæði þar og í frumskýrslu Arnþórs Davíðssonar er getið um árás með flöskum og glasi eða öðru gleriláti. Að þessu gættu þykir vafalaust að Lárus hafi orðið fyrir alvarlegri og fólkskulegri líkamsárás um nóttina og hlotið þá áverka, sem lýst er í ákæru, þar á meðal nefbrot. Málið var engu að síður rannsakað sem minni háttar líkamsárás samkvæmt 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga og Lárusi, sem eðli máls samkvæmt er lykilvitni í málinu, var ekki gefinn kostur á sakbendingu, þótt frá upphafi hafi legið fyrir að hann þekkti ekki til árásarmanna sinna og að E nafn greindi ætlaða árásarmenn strax um nóttina. Verður ákærvaldið að bera allan halla, sem leiða kann af þessari vangá.

Við sakarmat er einnig til þess að líta að rannsókn málsins lá meira og minna niðri í 16 mánuði, að meðferð þess fyrir dómstólum hefur tekið nærri tvö ár og að nú eru liðin rúm fjögur ár síðan málið reis. Hafa greind atriði óhjákvæmilega áhrif á sönnunarstöðu ákærvaldsins og gerir hana torveldari en ella. Skal nú vikið að þætti ákærðu hvers og eins.

Um þátt ákærða X.

Fyrir dómi hefur ákærði X neitað sök að öðru leyti en því að hann jatar að hafa sparkað einu sinni í afturenda Lárusar fyrir utan Nellýs. Sá framburður samrýmist vætti B og fær stoð í vætti Lárusar og E, þótt Lárus hafi borið að sparkið hafi komið í bak hans, við rófubein og E telur að sparkið hafi lent aftan í læri Lárusar. Hvað sem því líður er að mati dómenda einsætt að rekja megi upphaf árásar á Lárus til greindrar atlögu ákærða, sem unnin var af ásetningi. Hvorki Lárus né E hafa borið með óyggjandi hætti fyrir dómi að ákærði hafi gert annað og meira á hlut Lárusar og meðákærðu kveðast ekki hafa séð hann veitast að Lárusi. Nýtur því

aðeins óljóss vitnisburðar C, sem bar fyrir dómi að hann hefði séð ákærða og Lárus skiptast á höggum, þótt ekki sæi hann hvar högginn lentu. Af vætti C verður heldur ekki ráðið hvor manna hafi átt upptök að nefndum ryskingum eða hvort ákærði hafi valdið Lárusi líkamstjóni. Framburður ákærða á fyrri stigum um að hann hafi slegið Lárus í andlitið þykir einnig óljós og hefur ákærði þrætt fyrir að hafa skýrt frá atburðum með þeim hætti. Þegar þess er gætt að hlutaðeigandi dómtúlkur, Ö, var látinn víkja, vegna vafa um gæði starfa hans, verður sönnun ekki reist á ætluðum framburði.

Þegar framangreind atriði eru virt heildstætt þykir ekkert haldbært fram komið í málinu, sem bendir til þess að ákærði X hafi átt annan og meiri þátt í atlögunni að Lárusi en að sparka í afturenda hans eða rófubein. Kemur því ekki til álita að sakfella ákærða fyrir líkamsárás samkvæmt 218. gr. almennra hegningarlaga, hvað þá stórfellda líkamsárás í skilningi 2. mgr. téðrar lagagreinar, svo sem ákært er fyrir í málinu. Þá er ekkert fram komið, sem gefur vísbendingu um að ákærði hafi, í orði eða verki, sammælt við meðákærðu eða aðra um að ganga í skrokk á Lárusi. Er því ekki unnt að fallast á að atлага ákærða hafi verið unnin í félagi. Með skýlausri játningu ákærða, sem samrýmist vætti B og Lárusar, er hins vegar sannað að ákærði hafi sparkað í Lárus. Hefur ákærði fullyrt fyrir dómi að sparkið hafi verið laust og nánast táknrænt, í því skyni að ná athygli Lárusar. Á móti þeirri staðhæfingu nýtur aðeins vættis Lárusar, sem borið hefur um sársauka við rófubein af völdum höggsins. Stendur því orð gegn orði um þunga höggsins, en af áverkavottorði frá LSH verður ekki ráðið að Lárus hafi kvartað undan eymslum í rófubeini við komu á slysadeild umrædda nótt. Þykir því ósannað að nefnd atлага hafi valdið Lárusi roða, mari eða öðru líkamstjóni. Ber því einnig að sýkna ákærða af líkamsárás í skilningi 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga, en málið var reifað á þeim grunni að háttsemin gæti eftir atvikum talist minni háttar líkamsárás.

Um þátt ákærða Y.

Ákærði Y hefur ávallt neitað sök og í því sambandi notið fulltingis af vætti D [...], en bæði staðhæfa að þegar þau hafi komið út af Nellýs hafi átök verið yfirstaðin, eða svo gott sem. Í það minnsta hafi ákærði ekkert skipt sér af þeim og ekki gert neitt á hlut Lárusar. Fær sú frásögn stoð í vætti vinkonu þeirra, G. Á móti stendur aðeins vitnisburður E, en við fyrstu skýrslugjöf hjá lögreglu 2. júní 2004 bar hún að ákærði hefði veist að Lárusi og slegið hann í hnakkann með flösku, því næst teygt sig í aðra og gert sig líklegan til að slá Lárus að nýju. E bar á svipaðan veg við aðalmeðferð 21. desember 2006 og staðhæfði fyrst að hún hefði séð ákærða slá Lárus í höfuðið með flösku, sem hefði brotnað, en bar síðan að ákærði hefði hent flöskunni í höfuð Lárusar og bætti því við að flaskan hefði ekki brotnað. Þegar E kom síðan fyrir dóm í apríl á þessu ári kvað hún ákærða hafa staðið hinu megin götunnar, þegar meðákærði X hefði sparkað aftan í Lárus, ákærði í kjölfarið kastað umræddri flösku í höfuð Lárusar og hún ekki brotnað. Í málinu nýtur hvorki vitnisburðar annarra né framburðar meðákærðu um aðild ákærða að árás á Lárus.

Þegar framangreind atriði eru virt heildstætt, og sér í lagi að ákærði neitar sök og að vitnisburður E þykir í senn reikull og mótsagnakenndur, er það álit dómenda að slíkur vafi leiki á sekt ákærða að sýkna beri hann af þeirri háttsemi, sem hann er borinn í ákæru.

Um þátt ákærðu Duangnapha.

Ákærða Duangnapha hefur gengist við því að hafa slegið Lárus eitt högg aftan í hnakka með glerflösku fyrir utan Nellýs. Er sá framburður í samræmi við vætti Lárusar og ber þeim einnig saman um að flaskan hafi ekki brotnað. Ber að leggja þetta til grundvallar í málinu. Fyrir dómi hélt ákærða því fram að höggið hefði ekki verið fast og nefndi í því sambandi að hún væri kona og lágvaxin að auki. Fær fyrrgreindur framburður hvorki samrýmst þeirri frásögn ákærðu, hjá lögreglu og fyrir dómi, að hún hafi snöggreiðst og því slegið Lárus með flöskunni, né heldur trúverðugu vætti Lárusar um að hann hafi vankast við höggið. Að þessu gættu og með hliðsjón af fyrrgreindu áverkavottorði LSH um að Lárus hafi sömu nótt greinst með 1-2 sm. langan skurð á hnakka, sem ekki þykir rakinn til annarra orsaka en umrædds höggs, er að mati dómenda fram komin lögfull sönnun þess efnis að ákærða hafi verið völd að téðum höfuðáverka.

Ákærða hefur réttlætt háttsemina með því að Lárus hafi áður kastað glasi, sem hafi splundrast á nálægum húsvegg, glerbrot hrokkið í aðra hönd ákærðu og blóðgað hana. Er ekkert fram komið í málinu, sem styður þann framburð og verður umrædd háttsemi ekki afsökuð með þeim hætti. Vitni hafa ekki borið um aðra þátttöku ákærðu í aðför að Lárusi og er ekkert fram komið, sem gefur vísbendingu um að svo hafi verið. Af vætti Lárusar og E verður þvert á móti ráðið að ákærða hafi blandað sér í málið þegar árás var nánast yfirstaðin. Að þessu gættu og í ljósi fyrrnefndra skýringa ákærðu á aðför sinni að Lárusi er ósannað að atлага hennar hafi verið liður í samverknaði við aðra. Árás ákærðu var engu að síður sérstaklega hættuleg vegna þeirrar aðferðar sem hún beitti og gegn varnarlausum aðila. Ber af þeim sökum að sakfella ákærðu fyrir brot á 2. mgr. 218. gr. almennra hegningar laga.

Samkvæmt síðastgreindum málsúrslitum og 2. mgr. 172. gr. laga um meðferð opinberra mála ber að dæma um bótakröfu Lárusar, þó aðeins með tilliti til þeirrar háttsemi ákærðu Duangnapha, sem sönnuð er, en krafan var henni birt 20. desember 2005. Lárus krefst í fyrsta lagi 23.615 króna í bætur fyrir útlagðan kostnað. Þar af má rekja 16.705 krónur til endurkoma á LSH vegna áverkans á nefi. Kemur þegar af þeirri ástæðu ekki til álita að dæma ákærðu til að greiða þann kostnað. Standa þá eftir 6.910 krónur, vegna aksturs með sjúkrabifreið og skoðun á slysadeild umrædda nótt, sem rekja má til hópárásar á Lárus. Þar sem ákærða er aðeins sakfelld fyrir eitt högg í hnakka Lárusar og ekkert liggur fyrir með vissu um aðrar afleiðingar höggsins en fyrrnefndan skurð, þykir ekki unnt að leggja dóm á þennan lið bótakröfunnar og ber því að vísa honum frá dómi. Krafa Lárusar um 29.008 króna þjáningarbætur er órökstudd og hefur verið mótmælt af hálfu ákærðu. Ber þegar af þeim ástæðum að vísa henni frá dómi. Lárus krefst í þriðja lagi 500.000 króna miskabóta. Í ljósi sakfellingar ákærðu á hann ótvíráðan rétt til slíkra bóta samkvæmt a. lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 13. gr. laga nr. 37/1999, sem þykja hæfilega ákveðnar 150.000 krónur. Skal sú fjárhæð bera vexti samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 4. apríl 2004 til 20. janúar 2006, en síðan dráttarvexti samkvæmt 9. gr. sömu laga til greiðsludags. Lárus vill loks fá bættan málskostnað vegna þóknunar lögmanns fyrir að halda fram bótakröfu. Engin gögn liggja fyrir um þann kostnað og verður hann því ekki dæmdur sérstaklega, sbr. 2. mgr. 116. gr. og 171. gr. laga um meðferð opinberra mála, en við ákvörðun þóknunar skipaðs réttargæslumanns Lárusar verður tekið tilliti til vinnu við framsetningu kröfunnar, sbr. 4. mgr. 172. gr. og 44. gr. i. sömu laga, sbr. 14. gr. laga nr. 36/1999.

Ákæra dagsett 14. nóvember 2006.

I.

Aðfaranótt sunnudagsins 5. júní 2005 kl. 03:49 leitaði F á slysadeild LSH. Í læknisvottorði Þorsteins Bergmann, sem hann staðfesti fyrir dómi, er haft eftir F að hún hafi skömmu áður verið á skemmtistað, sætt líkamsárás af hálfu einhvers sem hún þekkti, viðkomandi lamið hana með glasi, hún dottið á gólfíð og meitt sig á hægri öxl. Lýst er skránum víða í andliti og á höndum, um það bil 10 sm. langri rispu ofan við vinstra brjóst, litlum skurði neðan og utanvert á hægri sköflungi, skurði yfir vinstra kinnbeini, öðrum vinstra megin á enni og loks skurði ofarlega við vinstra eyra, en téðir skurðir hafi verið límdir saman með húðlími. Þá er getið um þreyfieymsli og verk í hægri öxl, mest aftan til og í kringum herðablað. Í framhaldi er því lýst að F virðist hafa verið slegin í andlitið með glasi, sem hefði brotnað, hún dottið ofan á brotin og hlotið rispur eða skrámur og skurði, mar á brjóstkassa og tognunaráverka á öxl. F var útskrifuð sömu nótt og mun ekki hafa leitað aftur á slysadeild vegna áverkanna. Fyrir dómi bar Þorsteinn að nefndir áverkar gætu samrýmst atvikalýsingu F. Á hinn bóginn gætu þeir einnig samrýmst því að F hafi fallið á gólf með glerbrotum og velkst þar um.

F kærði atburðinn til lögreglu 7. júní 2005. Hún kvaðst hafa verið á Kaffi setrinu og setið við borð með kunningjum sínum „I“, „J“ og „K“ þegar ákærða Duangnapha, sem F þekkti ekki, hefði troðið sér við hlið hennar, byrjað að toga í hana og viljað fá hana afsíðis til viðræðna. F hefði neitað, ákærða þá slegið hana með björglasi á vinstra kinnbein, því næst rífið í hár hennar, sveigt höfuð hennar að borðinu og barið hana með báðum hnefum. Við þetta hefði F dottið á gólfíð og ákærða haldið áfram að lumbra á henni, uns I hefði rífið ákærðu í burtu. Í framhaldi hefði F óskað eftir aðstoð Óskars Vikars Haraldssonar, eiganda staðarins, en sá ekki viljað hringja í lögreglu og sagt hana hafa átt upptökin með því að slá ákærðu. Lögregla hefði þó komið á staðinn og F verið ekið á slysadeild. Þar hefðu þrjú spor verið saumuð við vinstra kinnbein.

II.

I gaf skýrslu vitnis 23. febrúar 2006. Hann kvaðst hafa setið til borðs með F, „J“ og „K“ þegar ákærða hefði komið að borðinu, þrifið í hálsmál F og sagt að þær þyrftu að tala saman. Þegar F hefði reynt að losa takið hefði ákærða slegið hana í andlitið með björglasi, glasið brotnað og bjór skvesst út um allt. Í framhaldi hefði ákærða dregið F úr sæti sínu og niður á gólf, en I síðan náð að rífa ákærðu í burtu.

Ákærða var yfirheyrð 27. febrúar 2006. Hún kvaðst hafa verið á Kaffisetrinu umrædda nótt, hafa verið talsvert ölvuð og setið við borð með kunningjum sínum þegar F hefði komið inn á staðinn, mjög drukkin. F hefði tekið hana tali, þær fljótlega farið að rífast og F sest við borðið. F hefði síðan fært sig yfir á annað borð, en komið aftur skömmu síðar og byrjað að stara á ákærðu, en upp úr því hefðu þær farið að ýta hvor við annarri og síðan slást. Í þeim átökum hefði glas brotnað, F dottið á gólfíð, I rífið ákærðu í burtu og vinkona hennar hjálpað til. Ákærða þrætti fyrir að hafa slegið F með björglasi, sagði hana skrökva til um þetta atriði og I

styðja hana að málum, en þau væru kærustupar. Ákærðu var kynnt bótakrafa F og vísaði henni á bug.

Gögn málsins bera með sér að 2. mars 2006 hafi túlkurinn Ö verið fenginn til að ræða við vitnin L og „J“ í síma og hafi hvorugt þeirra sagst geta gefið upplýsingar um málið. Sama dag mun túlkurinn hafa reynt að ná símasambandi við „K“ og fengið þær upplýsingar að hún væri flutt til Ítalíu. Við svo búið felldi Lög reglustjórinn í Reykjavík málið niður 2. maí 2006 með vísan til 112. gr. laga um meðferð opinberra mála. F kærði þá ákvörðun til Ríkissaksóknara, sem felldi hana úr gildi 26. júní 2006, með þeim tilmælum að tekin yrði önnur skýrsla af F og þrjú önnur vitni yfirheyrð. Í kjölfarið mætti D, [...], til skýrslugjafar 1. september 2006, en færðist undan að bera vitni í málinu.

H gaf skýrslu vitnis 6. sama mánaðar. Hún kvaðst hafa setið við borð með ákærðu, en farið að dansa og skömmu síðar séð áflog við sama borð. Hún hefði því farið til baka, séð ákærðu liggjandi á gólfinu og reynt að hjálpa vinkonu sinni á fætur en ekki getað það. H tók fram að hún hefði verið drukkin og sagðist ekki geta borið frekar um átökin.

G gaf skýrslu vitnis 7. september. Hún kvaðst hafa verið undir áhrifum áfengis umrætt sinn og sagði langt um liðið, en hún myndi eftir að hafa verið að dansa þegar hún hefði orðið vör við mikil læti og séð ákærðu og F slást. Aðrir hefðu hópast í kringum konurnar og birgt henni frekari sýn, en næst hefði hún séð I, kærasta F, halda í hendur ákærðu.

F bar aftur vitni 29. september. Hún hélt fast við fyrri frásögn og staðfesti jafnframt vætti I. Þá mótmælti hún framburði ákærðu, staðhæfði að sú hefði brotið glas á andliti hennar, F þá gripið í hana og þær dottið saman á gólfið.

III.

Málið var fyrst dómtekið 9. janúar 2007, að undangenginni skýrslugjöf ákærðu, vitnanna F, I, H, Óskars, Þorsteins Bergmann læknis og Þorvaldar Sigmarssonar lögreglumanns. Sem fyrr segir var héraðsdómur ómerktur 13. desember 2007 og komu nýir dómarar að málinu í kjölfar hæstaréttardóms 31. janúar 2008. Fór því aðalmeðferð fram á ný og komu þá fyrir dóminn, auk ákærðu, vitnin F, I, H, G, D, Þorsteinn, L, J og K. Verður nú rakinn sá framburður ákærðu og vitna, að því marki sem þýðingu kann að hafa fyrir málsúrslit.

IV.

Ákærða kvaðst hafa setið við borð á Kaffisetrinu ásamt fleiri Tælendingum, meðal annars „K“ og „J“, þegar F hefði komið til þeirra, drukkin að því er virtist og hún heilsað upp á einhverja við borðið. Í framhaldi hefði F byrjað að stara á ákærðu, sem hefði spurt hví hún léti svona, þær í kjölfarið byrjað að rífast og ýta hvor við annari og að lokum dottið saman á gólfið í áflogum. Við svo búið hefði I gripið aftan í ákærðu, rífið í hár hennar og dregið hana í burtu. Ákærða þvertók fyrir að hafa slegið F í andlitið með bjórglasi, en gat þess að glös á borðinu hefðu brotnað í rýskingunum, glerbrot fallið á gólfið og ákærða sjálf rispast af þeim völdum. Hún kvaðst hafa verið með áfengisáhrifum umrætt sinn, en þó ekki drukkin.

F bar að hún hefði komið inn á Kaffisetrið, nær allsgáð, með I góðvini sínum og óléttri konu, sem kölluð væri „K“, í þeim tilgangi að sækja húslykil hjá „J“, en barn F hefði gist hjá J um nóttina. F hefði séð J sitja eina við borð og sest hjá henni ásamt I og K. Þangað hefði komið ókunnug kona, ákærða, hún togað í F og sagt henni að koma og tala við sig. Að sögn F hefði hún neitað, en þá hefði ákærða slegið hana í andlitið með björglasi og það brotnað. Í framhaldi hefði ákærða þrifið í F og þær dottið á gólfið, en í kjölfarið hefði I tekið ákærðu ofan af F. Borin var undir F frásögn hennar hjá lögreglu 7. júní 2005 um að ákærða hefði brotið björglasið á andliti hennar, því næst rífið í hár hennar, keyrt höfuð hennar að borðinu og barið hana með báðum hnefum og kvaðst F ekki hafa lýst atvikum með þeim hætti. Hið rétta væri að ákærða hefði slegið hana með glasinu, því næst gripið í hana og dregið niður á gólf. F kvaðst vera búin að jafna sig eftir árásina, en sagðist enn bera ör á vinstri kinn eftir glasihöggið.

I bar með líkum hætti og F um komu þeirra á Kaffisetrið og nefndi einnig ófríska konu, sem hefði verið með þeim í för. Einhver bið hefði orðið á afhendingu umrædds lykils og því hefðu hann og F pantað sér bjór, sest við borð og verið að dreypa á miðinum þegar ákærða hefði komið til þeirra, sagt nokkur orð við F, því næst tekið björglas og slegið því í andlit F með þeim afleiðingum að glasið brotnaði. Í framhaldi hefði ákærða togað F niður á gólf, fleiri glös brotnað í þeim atgangi og glerbrot farið á gólfið. I hefði setið hinu megin borðsins, séð konurnar detta í gólfið, þá stokkið til og skilið þær sundur þar sem þær voru að togast á gólfinu. Að sögn I hefði hann verið með áfengisáhrifum umrætt sinn, en þó ekki fullur.

K bar að hún þekkti til ákærðu og F, hefði verið með F á Kaffisetrinu umrædda nótt og þau setið ásamt öðrum við borð. Hún kvaðst ekki hafa séð átök milli F og ákærðu, en hafa séð til þeirra beggja eftir að einhverjir voru búnir að skilja þær að nálægt dansgólfinu.

J bar að hún væri vinkona ákærðu og F og myndi eftir þeim báðum á Kaffisetrinu umrætt sinn. Þannig hefðu F og vinir hennar komið að borði J og heilsað upp á hana og aðra við borðið. Hún kvaðst ekki vita hvort F hefði sest við borðið og ekki hafa séð koma til átaka milli hennar og ákærðu og bar í því sambandi að hún hefði sjálf verið mjög drukkinn og lotið höfði niður að borði sökum ölvunar, auk þess sem dimmt hefði verið inni á staðnum.

L bar að hún hefði setið við borð ásamt fleira fólki, séð F og I koma inn á staðinn og panta sér bjór, en síðan hefði F farið að nálægu borði, þar sem ákærða hefði setið, líklega til að sækja lykil. Að sögn L hefði hún heyrt konurnar rífast, í framhaldi séð ákærðu standa á fætur og slá F í aðra kinnina. Hún kvaðst ekki hafa séð hvort ákærða héldi á einhverju við höggið, en í kjölfarið hefði ákærða reynt að draga F niður í sæti og þær togast á. L gat um fjölda glerbrota á umræddu borði, kvaðst ekki hafa séð til kvennanna á gólfi staðarins, en tók fram að hópur fólks hefði birt henni sýn og því gætu þær hafa fallið án þess að hún sæi til.

G bar að hún hefði séð ákærðu og F slást á Kaffisetrinu og ákærðu detta á gólfið, en væri ekki viss hvort F hefði einnig dottið. Hún sagði langt um liðið og bar að hópur fólks hefði safnast saman í kringum konurnar. G kvaðst ekki vita hvernig umrædd slagsmál hófust og bar að hún hefði hvorki séð ákærðu slá F í

andlitið né draga hana niður á gólf.

D bar að hún hefði verið á Kaffisetrinu, þó ekki við sama borð og F og fyrst séð til hennar og ákærðu eftir að þær féllu á gólfið. Hún kvaðst því ekki geta borið um ætlaða árás ákærðu, sagðist vita það eitt að F hefði verið drukkin og séð þegar hún stóð á fætur og I læsti ákærðu í hálstaki.

H bar að hún myndi það eitt að ákærða hefði legið á gólfi staðarins og I haldið um háls hennar með læstu taki.

V.

Samkvæmt 1. mgr. 48. gr. laga um meðferð opinberra mála veltur niðurstaða í þessum þætti málsins fyrst og fremst á framburði ákærðu og vitna við aðalmeðferð á vordögum 2008 og miðast eftirfarandi forsendur við þær skýrslur nema annað sé tekið fram. Um sönnun fer annars eftir reglum 45.-47. gr. laganna og ber að meta allan skynsamlegan vafa til hagsbóta fyrir ákærðu.

Í málinu er óumdeilt, að F sætti að eigin sögn líkamsárás af hendi ákærðu á Kaffisetrinu aðfaranótt 5. júní 2005, að lögregla var kvödd á staðinn og ók henni á slysadeild, án þess að gerð væri frumskýrsla um málið, að á slysadeild lýsti F grófri og tilefnislausri árás með glasi og fjölpættum afleiðingum hennar, að tveimur dögum síðar kærði hún sömu árás til lögreglu, lýsti aðförinni í þaula, sagði umrætt glas hafa brotnað á andliti sínu og nafngreindi ekki aðeins ákærðu sem árásarmann, heldur einnig sjónarvottana „I“, „K“ og „J“. Segir í nefndri kæruskýrslu að málið snerti „líkamsmeiðingar minni“. Þrátt fyrir kæru F hófst eiginleg lögreglurannsókn ekki fyrr en um 9 mánuðum síðar og þá með skýrslugjöf ákærðu og I, á grundvelli minni háttar líkamsmeiðinga samkvæmt 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga. Þrátt fyrir að I styddi í einu og öllu frásögn F og að ákærða neitaði sök eindregið var J ekki kvödd til skýrslugjafar, eigi heldur L, og skráð var í upplýsingaskýrslu, 2. mars 2006, að K væri flutt af landi brott. Við svo búíð var málið fellt niður 2. maí 2006, en sú ákvörðun felld úr gildi 26. júní 2006 og í september 2006 voru teknar vitnaskýrslur af F, H og G, á grundvelli meiri háttar líkamsárásar samkvæmt 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Voru þá liðnir 15 mánuðir frá hinum kærða atburði. Verður ákærðu ekki kennt um þann óhóflega drátt á rannsókn málsins og eigi er við hana að sakast að meðferð málsins fyrir dómstólum hefur nú staðið yfir í hartnær tvö ár. Í heildina eru þannig liðin nær þrjú ár frá atburðum. Sú staðreynd og afar slæleg lögreglurannsókn er til þess fallin að gera sönnunarstöðu ákæruvaldsins mun torveldari en ella.

Fyrir dóminn komu vitnin I, J, L, K, H, G og D, auk Þorsteins Bergmann læknis, kæranda og ákærðu.

K og D gátu ekki borið um átök milli F og ákærðu, G bar um átök, en sagði langt um liðið og því myndi hún ekki vel eftir atburðarás, H kvað einnig of langt um liðið til að hún myndi eftir atburðum og J bar, með ótrúverðugum hætti að mati dómsins, að hún hefði verið svo ölvuð að höfuð hennar hefði hniگیð niður á borð, inni á dimmum skemmtistaðnum og því hefði hún ekki séð átök milli nefndra kvenna, en vætti F og I bendir til þess að komið hafi til snarpra átaka við sama borð. L kvaðst hafa setið við borð á Kaffisetrinu, hafa séð F ganga að nálægu borði til ákærðu, þær rifist og ákærðu í framhaldi hafa staðið á fætur og slegið F í aðra

kinnina. Vætti L samrýmist framburði ákærðu að því leyti að F hafi lagt leið sína að borði ákærðu og að þar hafi komið til átaka, en er á hinn bóginn í beinni andstöðu við vætti F og I um að ákærða hafi komið að borði þeirra og stofnað til illinda. Er hér um staðreynd að ræða, sem þýðingu hefur við mat á áreiðanleika greindra frásagna og aðdraganda ætlaðrar líkamsárásar, sbr. 47. gr. laga um meðferð opinberra mála, og ber ákærvaldið halla af því að hún telst ósönnuð samkvæmt 45. gr. laganna. Ber og að líta til þessa við heildstætt mat á vitnisburði L, en einsætt er að henni ber hvorki saman við ákærðu né F og I í frásögn sinni. Hitt er ljóst, að L hefur ekki borið um að ákærða hafi slegið F í andlitið með glasi eða öðru íláti.

Dómurinn telur vætti ofangreindra vitna endurspegla hina alvarlegu ágalla á lögreglurannsókn málsins, en ómögulegt er að segja til um hverja stefnu það hefði tekið, ef þess hefði verið gætt að taka skýrslur af sjónarvottum þegar í upphafi rann sóknar. Hefur engin skýring fengist á þessari vangá lögreglu. Eftir stendur, annars vegar sakarneitun ákærðu og stöðugur framburður hennar hjá lögreglu og fyrir dómi um að F hafi átt upptök að ryskingum þeirra í milli og þær í framhaldi dottið á gólf skemmtistaðarins, og hins vegar samhljóða lýsing F og I á því hvernig ákærða hafi ráðist á F að ósekju. Við mat á áreiðanleika vitnisburðar F ber að hafa í huga ýkjukenna lýsingu hennar hjá lögreglu 7. júní 2005, sem hún hefur reyndar borið á móti fyrir dómi, og frásögn hennar í kæruskýrslunni um að sár á kinn hafi verið saumað með þremur sporum á slysideild. Er ekkert fram komið í málinu, sem styður þann framburð, en af læknisvottorði Þorsteins Bergmann er ljóst að svo var ekki. Þá ber að hafa í huga þann vitnisburð Þorsteins að áverkar F, sem tilgreindir eru í ákæru, hafi allt eins getað hlotist af því að velkjast um í glerbrotum á gólfi Kaffisetursins.

Þegar allt framangreint er virt og þess er að auki gætt, að F og I voru mjög nánir vinir, að fjöldi fólks var inni á skemmtistaðnum þegar til átaka kom og loks, að ekki liggja fyrir í málinu ljósmyndir eða uppdráttur af vettvangi, dómendum til glöggvunar á aðstæðum, þykir því ekki verða slegið föstu, gegn staðfastrí sakarneitun ákærðu, að hún hafi veist að F með þeim hætti, sem henni er gefið að sök í ákæru. Ber ákærðu að njóta vafans í þessu sambandi og leiðir það til sýknu samkvæmt 45.-46. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Samkvæmt greindum málsúrslitum og með vísan til 3. mgr. 172. gr. sömu laga ber að vísa bótakröfu F frá dómi.

Ákvörðun refsingar.

Ákærða Duangnapha er í málinu sakfelld fyrir stórfellda líkamsárás 4. apríl 2004, með því að hafa slegið L á Ómar Guðmundsson eitt högg í hnakka með flösku, með þeim afleiðingum að hann hlaut 1-2 sm. langan skurð. Var árásin fólkskuleg og þykir ákærða engar málsbætur eiga, en hún var 26 ára þegar hún framdi brotið. Á hinn bóginn ber að horfa til þess að ákærða á ekki sakaferil að baki. Ber hún að njóta þessa við ákvörðun refsingar, sem og þess hve langt er um liðið frá því hún framdi brotið, en dráttur á rannsókn og meðferð málsins er í andstöðu við 1. mgr. 71. gr. Stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, sbr. 8. gr. laga nr. 97/1995, sbr. og 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Að gættum öllum þessum atriðum þykir refsing hæfilega ákveðin fangelsi í tvo mánuði. Eins og hér stendur sérstaklega á þykir þó rétt að fresta fullnustu refsingarinnar þannig að hún falli niður að liðnu einu ári frá dómsbirtingu haldi ákærða almennt skilorð

57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Sakarkostnaður.

Samkvæmt 1. mgr. 166. gr. laga um meðferð opinberra mála ber að fella á ríkissjóð málsvarnarlaun Guðjóns Ólafs Jónssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda ákærða X og málsvarnarlaun Bjarna Haukssonar héraðsdómslögmanns, skipaðs verjanda ákærða Y. Með hliðsjón af eðli og umfangi máls þykja málsvarnarlaun til hvors verjanda um sig hæfilega ákveðin 1.243.200 krónur, sem að viðbættum virðisaukaskatti nemur 1.547.784 krónum. Það athugast, að af þeirri fjárhæð hafa verjendur þegar fengið greiddar 449.196 krónur hvor. Að auki ber að greiða úr ríkissjóði 11.205 krónur til verjanda ákærða X vegna útlagðs túlka kostnaðar.

Samkvæmt 1. mgr. 165. gr. laga um meðferð opinberra mála ber að dæma ákærðu Duangnapha til að greiða hluta af málsvarnarlaunum skipaðs verjanda síns, Guðrúnar Sesselju Arnardóttur héraðsdómslögmanns, en hluta hans skal greiða úr ríkissjóði. Þar sem ákærða er sýkn af líkamsárás á F og sakfelld fyrir mun minna brot gagnvart Lárusi Ómari Guðmundssyni en ákært er fyrir og hefur frá upphafi gengist við þeirri háttsemi sem slíkri, þykir rétt að hún greiði 1/6 hluta málsvarnarlaunanna, en 5/6 hlutar falli á ríkissjóð. Er fjárhæð nefndra launa hæfilega ákveðin 1.547.784 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti, en af þeirri fjárhæð hefur verjandinn áður fengið greiddar 493.020 krónur. Þá þykir rétt að ákærða greiði 1/6 hluta þóknunar Soffíu Ólafar Ketilsdóttur héraðsdómslögmanns, skipaðs réttargæslumanns Lárusar, en 5/6 hlutar greiðist úr ríkissjóði. Er sú þóknun hæfilega ákveðin 448.000 krónur, sem að viðbættum virðisaukaskatti nemur 557.766 krónum, en af þeirri fjárhæð hefur réttargæslumaður þegar fengið greiddar 249.000 krónur. Ekki er efni til að skipta í sömu eða öðrum hlutföllum 15.600 króna útlögðum kostnaði vegna öflunar áverkavottorðs fyrir Lárus og fellur hann á ríkissjóð. Þannig dæmist ákærða til greiðslu alls 350.925 króna sakarkostnaðar.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir saksóknari sótti málið af hálfu ákæruvaldsins.

DÓMSORÐ:

Ákærðu X og Y eru sýknir saka.

Ákærða Duangnapha Wisetrit sæti fangelsi tvo mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnu einu ári frá dómsbirtingu haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærða Duangnapha greiði Lárusi Ómari Guðmundssyni 150.000 krónur í miskabætur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 4. apríl 2004 til 20. janúar 2006, en síðan með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. sömu laga til greiðsludags.

Bótakröfu F er vísað frá dómi.

Úr ríkissjóði greiðast 1.547.784 króna málsvarnarlaun Guðjóns Ólafs Jónssonar hæstaréttarlögmanns, verjanda ákærða X, auk 11.205 króna vegna túlka kostnaðar, sem og 1.547.784 króna málsvarnarlaun Bjarna Haukssonar héraðsdóms lögmanns, verjanda ákærða Y.

Ákærða Duangnapha greiði 350.925 krónur í sakarkostnað, nánar tiltekið 1/6 hluta af 1.547.784 króna málsvarnarlaunum verjanda síns, Guðrúnar Sesselju Arnar dóttur héraðsdómslögmanns, eða krónur 257.964, og 1/6 hluta af 557.766 króna þóknun Soffíu Ólafar Ketilsdóttur héraðsdómslögmanns, réttargæslumanns Lárusar Ómars Guðmundssonar, eða krónur 92.961.

Jónas Jóhannsson

Arngrímur Ísberg

Helgi I. Jónsson